



Verkið UNDIRHEIMAR AKUREYRAR er LED ljósaskilti, samsett úr 20 sjálfstæðum stöfum sem festir eru á tvo lárétta málmprófila. Stafagerð miðast við Ariel Black. Verkið er ca. 860cm langt og ca. 40cm hátt en mál skulu mæld á staðnum áður en smíði hefst. Stafirnir eru álbox í botn og hliðar en með gulu Polycarbonate að framan. Allt ál skal litað að utan í hálfmöttum RAL 7021 lit. Gulur litur er nokkuð skærgulur, ca. RAL 1023 en framleiðandi skal leggja til litapurfur af bæði Polycarbonate og ljósgjafa til samþykktar af listamanni. Málmprófilar sem stafir eru festir á skulu litaðir í sama lit og veggur sem verkið fer á. Öll litun skal vera vönduð duftlökkun eða pólúhúðun sem stenst þær aðstæður sem verkið er í. Einnig skal tryggja að litur í ljósi og Polycarbonate dofni ekki eða veðrist. Öll smíði og samsetning skal miðuð við þær aðstæður sem skiltið er í. Endanlegar útfærslur framleiðanda skal svo bera undir listamanninn áður en smíði hefst.

UNDIRHEIMAR AKUREYRAR
Ragnar Kjartansson - Nóv. 2020
Listasafnið á Akureyri - **Tillaga**